

1866.

1. maí.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, að dómsmálastjórnin hefir veitt yður, fyrst og fremst sem styrk til að semja rit þetta og búa það undir prentun, 16 ríkisdali fyrir hverja örk, og þarnæst sem styrk til að gefa það út sömuleiðis 16 rd. fyrir hverja örk, og mun styrkur þessi verða borgaður yður fyrir hvern part sérilagi, á þann hátt, að styrkurinn til að semja hann og búa undir prentun verður borgaður fyrirfram fyrir hvern part um sig, og styrkurinn til að gefa hann út, undir eins og bóúð er að prenta hann. Því skal við bætt, að stjórnarráðið hefir farið eptir áætlun yðar um, hversu langt ritið muni verða, og hlutast til um, að yður verði borgaðir 160 rd. úr aðalféhirzlunni hér í bænum, og er það styrkurinn til að semja fyrri part ritsins og búa hann undir prentun.

1. maí.

38. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um styrk handa Torfa Bjarnasyni til að stunda landbúnað.

Í bréfi dagsettu 23. febrúarmán. þ. á. hafið þér, herra amtmaður, beiðzt samþykkis dómsmálastjórnarinnar til þess, að þér hafið veitt Torfa Bjarnasyni úr Húnavatnssýslu 50 ríkisdali úr búnaðarsjóði norður- og austuramtsins, til þess að styrkja hann til að ferðast til Skotlands og leggja þar stund á landbúnað.

Um þetta skal yður til vitundar gefið, að dómsmálastjórnin ekki hefir neitt á móti því, að styrkur þessi hefir verið veittur.

3. maí.

39. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um borgun fyrir útleggingu á „Anabasis Xenofons“.

Með bréfi dagsettu 4. nóvembermán. f. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, sent hingað bænaraskrá frá Halldóri Fríðrikssyni, keunara við Reykjavíkur lærða skóla,

um að honum verði veitt hæfileg borgun fyrir útleggingu þá, er hann hefir samið á „Anabasis Xenofóns”, eða að minnsta kosti fyrir þann hluta af útlegginguinni, sem komin er út á prenti með skýrslunni um latínuskólann í Reykjavík skólaárið 1864—65.

1866.

3. maí.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörið það beiðanda, að Halldóri Friðrikssyni, skólakennara, eru veittir 40 rd. fyrir þær 5 arkir af útleggingu þessari, sem búið er að prenta, og skal því við bætt, að landfógetanum hefir verið skrifað í dag um að borga fê þetta úr jarðabókarsjóði Íslands.

40. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um ávísanir og víxlbréf.

5. maí.

Til þess að komast hjá þeim sêrstaklegum vandkvæðum, sem það er bundið að stimpla ávísanir, sem embættismenn og sýslunarmenn á Íslandi borga með tekjur þær, sem þeir hafa undir höndum fyrir ríkissjóðinn, og afsalauir sem á þær eru ritaðar, setti dómsmálastjórnin þá reglu í bréfi til allra amtmannanna á Íslandi, dagsettu 13. aprílmán. 1864, að ávísunum uppá verzlunarhús hêr verði ekki framvegis viðtaka veitt, nema þær í fyrsta lagi sê stýlaðar til dómsmálastjórnarinnar sjálfrar, og í öðru lagi sê stýlaðar þannig, að þær eigi að borgast undireins og þær eru sýndar, og að víxlbréf megi öldungis ekki hafa til að gjöra skil fyrir tekjum ríkissjóðsins. Eptir þetta hafið þér, herra amtmaður, með bréfi dagsettu 18. febrúarmán. f. á. sent hingað tvær bænaraskrár, þar sem þess er farið á leit, að reglu þeirri, sem dómsmálastjórnin hafði sett um þetta efni, verði breytt, og er þar einkum tekið fram, að það með öllum jafnaði sê ómögulegt að fá hjá verzlunarfulltrúnum eða kaupmönnunum á Íslandi ávísanir uppá verzlunarhús hêr, sem sêu stýlaðar þannig, að þær eigi að borgast undir eins og þær